

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 437/2007

2009/EES/11/29

frá 20. apríl 2007

## um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber þegar þörf krefur, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykka ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Bandalaginu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd <sup>(2)</sup> var fyrsta gerðin sem mælti fyrir um slíkar ráðstafanir.
- 2) Endurskoða skal ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) 622/2003, í ljósi afleiðinga sem þetta getur haft á rekstur flugvalla og áhrifa á farþega.

- 3) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 voru ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003, leynilegar og ekki birtar. Það sama gildir óhjákvæmilega um allar gerðir sem breyta henni.
- 4) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda varðandi leynd yfir viðaukanum.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi 5. maí 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. apríl 2007.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jacques BARROT

*varaforseti.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 104, 21.4.2007, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 21.2.2008, bls. 37.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 849/2004 (Stjútíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1862/2006 (Stjútíð. ESB L 358, 16.12.2006, bls. 36).

*VIÐAUKI*

Í samræmi við 1. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

---